



27. fundur stjórnar LH 2022-2024
2. september 2024 kl. 19:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Hákon Hákonarson, Sóley Margeirsdóttir, Edda Rún Ragnarsdóttir,

Mætt úr varastjórn: Randi Holaker, Birna Tryggvadóttir

Forföll boðuðu: Sveinn Heiðar Jóhannesson, Gróa Björg Baldvinsdóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi. Formaður lýsir yfir ánægju með gott hestasumar, vel heppnað Landsmót, áberandi góður árangur í yngri flokkum og árangur þátttakenda í hæfileikamótun LH vekur athygli og ber starfinu gott vitni.

1. Samþykkt fundargerða 25. og 26. fundar.

2. Tengiliður við Leisure Riding-nefnd FEIF

Atli Már Ingólfsson hefur sagt sig frá setu í stjórn FEIF og formennsku og setu í Leisure Riding Committee. FEIF óskar eftir nýjum tengilið við nefndina frá Íslandi.

Afgreiðsla: Samþykkt að tilnefna formann útbreiðslunefndar LH sem tengilið við Leisure Riding Committee.

3. Hegðun aðstandenda keppenda á mótum – erindi frá Jóni Þorberg Steindórssyni gæðingadómara

Aðstandandi keppanda á Landsmóti fór ófögrum orðum um dómara í kjölfar einkunnargjafar hans á sýningu dóttur hans í unglingsflokk. JPS óskar eftir upplýsingum um í hvaða farveg sé hægt að setja mál þegar aðstandendur veitast að dómurum á mótum.

Afgreiðsla: Nú þegar er í gangi vinna við að undirbúa tillögu fyrir landsþing, í samvinnu við úrskurðar- og aganefnd, þar sem skerpt verður á þýðingu spjalds á mótum og m.a. á agamálum sem tengjast aðstandendum keppenda.

4. Krafa um afsökunarbeiðni Liðsstjóra Íslands á Norðurlandamóti – bréf frá liðsstjórum Noregs, Danmerkur Svíþjóðar og Finnlands á NM.

Liðsstjóri Íslands á Norðurlandamóti lagði fram tillögu um breytingu á brautinni í aðdraganda skeiðs á gæðingavelli mótsins. Hann taldi sig hafa samþykki allra liðsstjóra fyrir tillögunni og var hún samþykkt af mótsstjórn. Bréfitarar höfðu hins vegar óskað eftir fundi allra liðsstjóra til að ræða tillöguna, kærðu málið á mótinu og var það tekið til umfjöllunar og afgreitt á mótinu. Þann 20. ágúst barst stjórn LH bréf þar sem liðsstjórar ofnagreiðra landa krefjast opinberrar afsökunar liðsstjóra Íslands vegna málsins.

Afgreiðsla: Samþykkt að vísa málinu frá.

5. Meistaradeild æskunnar – beiðni um styrk

Á 19. fundi stjórnar 21. feb. sl. samþykkti stjórn beiðni MDÆ um styrk fyrir fræðslustarf gegn framvísun reikninga, að hámarki kr. 300.000. Meistaradeild æskunnar hefur framvísað upplýsingum um kostnað við fræðslustarf við deildina.

Afgreiðsla: Frestað.



Samþykkt milli funda

6. Áhugamannamót Íslands – beiðni um undanþágu frá reglu um fjölda dómara

Til að draga úr kostnaði við mótið, og gerlegt yrði að halda mótið óskaði Hestamannafélagið Dreyri eftir að fá úthlutað dómurum með réttindi til að dæma bæði íþrótt- og gæðingamót og að gerð yrði undanþága frá grein 6 í reglugerð um Áhugamannamót Íslands um að yfirdómari dæmi ekki gangtegunder og sé þannig 6. dómari mótsins.

Afgreiðsla: Samþykkt milli funda.

7. Kæra til LH vegna úrtöku- og gæðingamóts Harðar

Formaður úrskurðar- og aganefndar lýsti sig vanhæfan til að fjalla um málið vegna tengsla við kærða og aðrir nefndarmenn gerðu það einnig vegna tengsla við formann. Varamenn í úrskurðar- og aganefnd kallaðir til að fjalla um málið ásamt þriðja aðila sem er skipaður tímabundið.

Afgreiðsla: Samþykkt milli funda.

8. Afsögn Atla Más Ingólfssonar úr stjórn FEIF – Til bókuar

Atli Már Ingólfsson, formaður Leisure Riding nefndar FEIF, hefur sagt sig úr stjórn FEIF og frá öllum nefndastörfum FEIF, dags. 12. ágúst 2024.

9. Afsögn Valdimars Ólafssonar úr varastjórn LH – Til bókuar

Valdimar Ólafsson, 5. varamaður í stjórn LH 2022-2024, hefur sagt sig úr varastjórn, dags. 26. ágúst 2024.

10. Önnur mál

a. Landsþing – rætt um tímabrestir varðandi Landsþing

b. Starfshópur um heildræna úttekt á efnahagsáhrifum hestamennsku á Íslandi

Skipaður hefur verið starfshópur um heildræna úttekt á efnahagsáhrifum hestamennsku á Íslandi. Hópurinn er undir forystu Háskólans á Hólum en í honum sitja einnig fulltrúar frá LH, FHB, HOI, BÍ og Akademíu íslenska hestsins. Markmið verkefnisins er að sbúa til s.k. mælaborð þar sem hægt er að finna upplýsingar um efnahagsáhrif íslenska hestsins á Íslandi á gagnvirkan og skilmerkilegan hátt, að fyrirmynd rannsóknar sem gerð var í Svíþjóð. Sækja á fjármagn til ráðuneyta til að ráða verkefnastjóra til tveggja ára, þar á eftir felst verkefnið í viðhaldi og uppfærslu mælaborðsins. Gert er ráð fyrir um 15 milljóna kr. kostnaði á ári við verkefnið á meðan á uppsetningu stendur eða í um 2 ár.

c. Umferðarþing

Formaður LH verður með framsögu á Umferðarþingi þann 20. september og tekur þátt í pallborðsumræðum. Stjórnarmenn hvattir til að mæta á þingið.

d. Nefndafundir FEIF eru haldnir sömu helgi og Landsþing, það er óheppilegt þar sem mikilvægt er að okkar FEIF-nefndafólk sitji Landsþing. Stjórn skorar á FEIF að færa nefndafundina.

e. Menntamál dómara

Dómaranefnd er með í undirbúningi að efla verulega menntun og fræðslu dómara. Settur verður saman hópur sem mun semja kennsluskra endurmenntunar og nýmenntunar allra dómara (íþrótt-, gæðinga-, og gæðingalistardómarar).



f. Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð verður haldin þann 12. okt. í samstarfi með Félagi hrossabænda.

Fundi slitið kl. 21.10